

TÍMAHYLKIÐ

TÍMAHYLKIÐ Í TÍÐ KÓRÓNUNNAR

GLEÐILEGT SUMAR!



KÁTIR KRAKKAR Í VALSÁRSKÓLA SEM TAKA MEÐ BROSI Á VÖR Á MÓTI SÓLRÍKUM SUMAR-
DÖGUM OG ÓSKA ÖLLUM GLEÐILEGS SUMARS. LJÓSMYNDIR: ELÍSABET ÁSGRÍMSDÓTTIR




Nýr fermingardagur 16. ágúst

SVEINDÍS MARÝ SVEINSDÓTTIR

Vorið er komið af fullum krafti og sumardagurinn fyrsti að bresta á 23. apríl, dagurinn sem ég hefði átt að fermast en Covid 19 breytti því heldur betur. Það hefur lengi verið fermt hér á Svalbarðsströnd á sumardaginn fyrsta, tveir bræður mínir fermdust þennan dag fyrir 13 árum, pabbi minn fermdist þennan dag 1983 og meira að segja Guðfinna föðursystir mín var fermd þennan dag árið 1971. Elstu þrjú systkini pabba (fædd 1946, 1952, 1954) voru fermd á hvítasunnu en Linda elsta systir pabba sagði að bændum hefði ekki þótt hvítasunna góður tími vegna sauðburðar og kartöfluníðursetningar og þess vegna hefði því verið breytt.

Fermingarfræðslan snarbreyttist þegar Covid 19 kom til Íslands, við máttum auðvitað ekkert hittast þannig að núna fáum við verkefni send í tölvupósti. En nýr fermingardagur er áætlaður 16. ágúst. Það kemur að þessu þótt við þurfum að bíða aðeins lengur.



FERMINGARFRÆDSLIVERKEFNI Í VINNSLU.
LJÓSMYND: ELÍSABET ÁSGRÍMSDÓTTIR

Öflug sveit bakvarða

**GYLFI HALLDÓRSSON
BÓNDI Á BREIÐABÓLI**

Nú líður að lokum þessa vindasama og leiðinlega veturs. Ekki lét náttúran þar við sitja heldur bætti um betur og færði heiminum covidíð með allri þeirri „dauðans alvöru“ sem því fylgir. Segja má að nánast allt hefðbundið líf fólks hafi stöðvast. Enginn veit hvernig nánasta framtíð þróast.

Hvað varðar mitt nærumhverfi, þ.e.a.s. framleiðslu á mjólk og nautgripakjöti má segja að áhrifin séu óveruleg. Helstu breytingar eru í öflun rekstrarvara hvað varðar samskipti við söluaðila sem hafa farið meira fram rafrænt en áður. Bændur hafa a.m.k. ennþá haldið sínum tekjum þannig að það er ekki undan miklu að kvarta. Hvað okkur varðar á Breiðabóli erum við vel stödd ef upp kæmi smit á bænum þar sem við eigum öfluga sveit bakvarða með ótrúlega fjölbreytta hæfileika og gráður sem gætu hugsanlega reynst nothæfir til afleysinga. Alla þá sem þjónusta búið reglulega s.s. mjólkurbílstjóra og frjótækna reynum við að forðast að hitta. Til hafa orðið skemmtileg slagorð eins og „forðumst frjótækna“ þó að þetta séu í raun bestu karlar, a.m.k. í flestum tilfellum ef ekki öllum.

Nautgripirnir hafa tekið þessu öllu með hinu mesta jafnaðargeði ef undan eru teknar tímabundnar áhyggjur af því að hráefni til kjarnfóðurgerðar í landinu myndu klárast. Á tímabili bar reyndar á miklu nefrennsli hjá stöku kúm sem var bara svokallað „COWid-19“.

Nú er nóg komið, allir löngu hættir að lesa. Vonandi endar þessi kórónukafli sögunnar sem fyrst og hægt verði að læra sem mest af þeim mismunandi viðbrögðum sem þjóðir hafa reynt til að bregðast við þeim áskorunum sem til hafa orðið.



EINN ÁHYGGJULAUS



EINN VEL VARINN

Þegar hægist á

EIR STARRADÓTTIR

Að stunda háskólanám í samkomubanni hafði enginn búið sig undir. Byggingar háskólans lokaðar og allt það sem einkenndi háskólasamfélagið þurfti að víkja fyrir fjarkennslu.

Á augabragði var veruleikinn orðinn sá að háskólanemar sátu hver í sínu horni við tölvuna. Hugurinn leitar ósjálfrátt til þeirra hluta sem þóttu sjálfsgóðir, að fá að vera í fyrirlestri þegar áhugaverðar umræður myndast, að fá að sitja í lesstofu læknanema við lestur, að fá að eyða hinum ýmsu kaffihléum og hádegisverði með vinum og skólafélögum. Að ógleymdu því sem maður gerði sér til skemmtunar, að hitta góða vini yfir mat eða drykk, fara í sund og njóta hinna ýmsu menningarviðburða.

Ég ákvað að breyta til. Kom norður á Svalbarðsströnd til fjölskyldunnar og ætla að eyða apríl mánuði þar við lestur áður en verknám á Landspítala tekur aftur við í maí. Hér ríkir falleg kyrrð yfir öllu. Einstakt tækifæri til að búa til nýjan hversdagsleika. Virkir morgnar sem hafa fram til þessa einkennst af flýti, að hella uppá kaffið meðan ég tek mig til, drekka það í einum rykk og hlaupa svo af stað. Núna sit ég í rólegheitum í stofunni með foreldrum mínum og horfi á fallega Eyjafjörðinn meðan ég nýt kaffibollans. Sest við tölvuna yfir daginn, hlýði á og tek þátt í fyrirlesturum í barnalæknisfræði í gegnum fjarfundabúnað. Líkamsrækt sem hingað til hefur oftast farið fram í lokuðum sal reyni ég að stunda utandyra, vorið er að gera vart við sig og tilvalið að njóta þess. Hitti vinahópin um helgar í gegnum skjáinn þar sem við njótum samverunnar með spurningakeppni og spjalli. Þetta eru fordæmalausir tímar eins og oft hefur verið sagt. Við erum minnt á að það er alls ekki sjálfsagt að fá að vera til og að það er margt í þessari veröld sem við höfum enga stjórn á. Þegar hægist svona á hringiðunni sem maður er venjulega fastur í er ekki hægt annað en að líta inn á við og finna hvað það er sem virkilega skiptir mann máli. Þakklæti er einnig ofarlega í huga, að búa í samfélagi þar sem samstaða ríkir og að eiga heimili þar sem hægt er að leita skjóls.

Gátur og brandarar

1. Hvað er það síðasta sem þú gerir áður en þú ferð í rúmið?
2. Hver hefur hatt en ekkert höfuð, aðeins einn fót en engan skó?
3. Hvers vegna er flóðhesturinn ekki hræddur við tígrisdýrið?

NOKKRIR FIMMAURAR

Hefur enginn samið uppþvottarlög?

Ég rétt missti af holu í höggi. - Það munaði bara fimm höggum.

Hvað sagði núllið við áttuna? – “Af hverju ertu með beltið svona þröngt?”

Það var einu sinni kall sem var svo lítill að það var táfýla af hárinu á honum.

Af hverju er kartaflan alltaf góð? Því hún vil ekki vera meðlæti!

SVÖR ÚR SÍÐASTA BLAÐI

1. Maður nokkur átti sex dætur og hver dætranna átti einn bróður. Hve mörg börn átti maðurinn?
Svar: Sjö börn
2. Fótales um flestar nætur en fær þess oftast á daginn bætur. Hver er ég?
Svar: Skór



Einhverfa og COVID-19

ÁSLAUG MELAX EINHVERFURÁÐGJAFI

Það er óumdeilt og á hvers manns vörum að heimsbyggðin öll upplifir nú tíma sem þykja fordæmalausir. Vágsturinn Covid 19 bankar á dyr og veldur tilfinningalegu hugarangri fólks sem getur reynst erfitt að setja í réttan farveg. Við hin fullorðnu höfum þó flest forsendur til að vinna úr ólíkum upplýsingum um vágstinn og fylgja fyrirmælum þeirra sem þekkingu hafa og skapa okkur með því festu og öryggi.

Börn fara ekki varhluta af ástandinu og þeim breytingum sem átt hafa sér stað í samfélaginu undanfarnar vikur. Þau hafa þurft að aðlagast nýju vinnulagi í skóla, tólmstundum og heima fyrir. Forsendur þeirra til úrvinnslu á upplýsingum eru eðli máls samkvæmt takmarkaðri en hins fullorðna og því í okkar höndum að miðla til þeirra á viðeigandi hátt og lágmarka með því ótta og kvíða.

Einn er sá hópur sem mikilvægt er að hlúa að á tímum COVID-19 en það eru börn með röskun á einhverfurófi. Tíðni einhverfu er slík að flest eða öll skólasamfélög hafa nemendur með röskun á einhverfurófi í sínum hópi og er því góð þekking og skilningur á röskuninni mikilvæg.

Einhverfa eða einhverfurófsröskun er meðfædd röskun í taugabroska. Þessi röskun eða truflun á heilastarfseminni veldur því að barnið sýnir ákveðin einkenni í hegðun sem ekki teljast dæmigerð. Fyrstu einkennin geta birst á ólíkum aldri og verið mismikil að fjölda og styrk. Þetta segir okkur að engir tveir einstaklingar með röskun á einhverfurófi eru eins þó svo að ákveðin sameiginleg einkenni séu vissulega til staðar.

Einhverfu er skipt upp í þrjú megin hegðunarsvið. Þessi svið eru:

- Félagslegt samspil – Geta til félagslegra samskipta þeirra er skert og á það ekki síst við í samskiptum við jafnaldr. Það getur reynst þeim erfitt að vera innan um marga í einu og draga þau sig gjarnan í hlé en njóta sín betur í smærri hópum eða með einum til tveimur. Veikleikar við að lesa í aðstæður og átta sig á ætlun annarra eru einnig algengir. Börn með einhverfu geta því verið undir miklu álagi þegar reynir á félagslegt samspil.
- Boðskipti – Flest eiga þau sögu um seinkaðan málþroska. Áberandi hjá mörgum er skortur á að nota látbragð, bendingar o.þ.h.

Tjáning þeirra getur verið endurtekningarsöm eða mörkuð þörf fyrir að segja hlutina á ákveðinn hátt.

Gagnkvæmni í samtali er skert og þau kjósa oft frekar að tala um það sem vekur áhuga þeirra.

- Sérkennileg og áráttukennd hegðun – Þar er oft um að ræða yfirþyrmandi áhuga á ákveðnu viðfangsefni eða hlut. Þau hafa flest þörf fyrir góða rútinu og geta brugðist illa við ef breytingar verða án undirbúnings. Þau hafa einstakan hæfileika til að sökkva sér í viðfangsefni sem vekur áhuga þeirra og getur það oft á tíðum verið kostur.

Þar að auki er mikilvægt að vera meðvitaður um næma skynjun eða skynúrvinnsluvanda þeirra. Þessi vandi getur birst í erfiðleikum við að útiloka áreiti, viðkvæmni fyrir hljóðum, áferð, birtu o.m.fl.

Hér að ofan er einungis stiklað á stóru hvað varðar hegðunareinkenni einhverfu en fjöldi annarra þátta innan hvers sviðs er skoðaður þegar greiningarferli á sér stað.

Ýmsar leiðbeiningar hafa verið gefnar út um hvernig gott er að undirbúa börn með einhverfu á tímum COVID-19.



Í grunninn er hvað mikilvægast að taka tillit til einkenna einhverfunnar og að sníða upplýsingar og fræðslu að getu hvers og eins. Fyrirsjáanleiki skiptir máli þ.e. að barnið sjái hvað er næst á dagskrá, hvað á það að vera lengi og hvað geri ég svo.

Það sem einnig skiptir m.a. máli fyrir börn með röskun á einhverfurófi er:

- Dagskipulag – reyna að halda rútinu, fá sjónrænar upplýsingar um það hvernig dagurinn verður. Hvenær á að vakna, læra, leika o.s.frv. Gera sýnilegt skipulag fyrir athafnir eins og t.d. hvað á að vera lengi í tölvu, úti að leika og þá jafnvel hvað á að gera úti við.
- Reynum að sýna ekki ótta – munum að barnið á oft erfitt með að lesa í aðstæður og vinna úr munnlegum upplýsingum. Förun þvi varlega með það hvað við segjum þar sem barnið heyrir. Setjumst frekar niður og útskýrum með myndum, skrifuðum orðum og einföldu máli.

- Höfum gaman – með því að setja upp skipulag þá er auðvelt að leyfa barninu að velja eitthvað sem því þykir skemmtilegt að gera og fjölskyldan getur gert saman.

Nýtum áhugamálin þeirra. Áhugi hvers og eins er sjálfsprottinn innri hvati og mjög mikilvægur í allri vinnu með einhverfum. Kennum þeim í gegnum áhugann, leyfum okkur að leggja námsbækurnar stöku sinnum til hliðar og hjálpum þeim að læra í gegnum upplifun. Það er námið sem þau muna og nýta sér best.



VORBOÐINN FÍNI Í GARÐINUM HJÁ RÁÐHÚSINU.

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA OG MIKIL
BREYTING Á FRÁ ÞVI FYRIR PÁSKA
ÞEGAR SÍÐASTA MYND VAR TEKIN Í LOK
MARS.



Vorverkin unnin í sameiningu á leikskólanum og gott að hafa almennilega gröfu við höndina



Táta fær stöðuhækkun

Táta hefur eins og margir vita verið í virkri atvinnuleit undanfarið. Reyndar hefur hún sinnt hlutastarfi sem knattspyrnuþjálfari á liðnum vikum en hún vill gjarnan fá herra starfshlutfall enda fellur henni aldrei verk úr löpp. Tímahylkið hefur nú boðið henni að gegna stöðu "lukkudýrs" blaðsins (e. mascot).

Björg hafði reyndar vissar áhyggjur af því að þetta myndi hugsanlega stíga tókinni til höfuðs og að hún gæti gengið fram af sér með allri þessari vinnu, en féllst þó á að gefa þessu tækifæri. Í hönd fóru samningaviðræður um kaup og kjör og niðurstaðan var: Átta sláturkeppir á mánuði og ótakmarkað framboð af harðfiski. Einnig ný ól sem sæmir lukkudýri. Ennfremur trygg heilbrigðisþjónusta og áhyggjulaust ævikvöld. Táta þáði stöðuna feginsloppu og var þessi mynd tekin að lokinni undirskrift.

Börnin bíða frelsisins

ELÍN SVAVA INGVARSDÓTTIR

Það er vissulega áskorun á margan hátt að fást við það ástand sem nú herjar á heimsbyggðina. Við megum vera og erum þakklát fyrir hvað við sem þjóð höfum verið heppin, margar aðrar þjóðir hafa ekki verið eins heppnar og margir eiga vini og ættingja erlendis sem þeir hafa áhyggjur af og eru hræddir um.

Að vinna heima og eiga þrjú börn sem koma heim í hádeginu er áskorun. Fyrst þarf að skipuleggja vinnuna og aðlaga sig að því að geta ekki haft venjulega skrifborðið sitt og öll gögn aðgengileg en þurfa þess í stað að leggja eldhúsborðið undir vinnuna. Stilla þarf hlutum upp þannig að maður geti auðveldlega ýtt öllu yfir á annan borðsendann til að gefa að borða eða hafa pláss fyrir tómsundur barnanna. Í þessu felst líka að raða vinnunni upp þannig að símatími, vinnusímtöl og fundir geti farið fram fyrir hádegi þegar börnin eru ekki heima þannig að ekki þurfi sífellt að sussa á eða stefna börnunum út því ekki er sjálfgefið að allir hafi sín sérstöku herbergi þar sem hægt er að hólfa alla af.

Mitt í þessu öllu þarf síðan að huga að því að séu börnin úti þá má ekki hver sem er leika við hvern sem er. Gallinn við að eiga 3 börn sem eru ekki öll í sama hópnunum er að það skapar flækjur þegar venjulegi vinahópurinn skiptist milli mismunandi hópa. Það getur verið átak að útskýra af hverju einn má ekki vera með því hann er ekki hluti af sama hópi og hinir. Stundum þarf jafnvel að þurrka tár af hvarmi því þetta tekur á og þó börnin skilji ástandið og þörfina fyrir aðgát þá er það erfitt þegar maður er einn eftir því þeir sem maður er vanur að leika við eru ekki í sama hóp og maður sjálfur.

Þegar öllu er á botninn hvolft er samt þakklæti manni efst í huga, fyrir þá staðreynd að enn sem komið er hafa allir manns nánustu sloppið við þennan vágast sem skekur og hræðir heimsbyggðina. Því er þó ekki að neita að mikil verður hamingjan þegar líf manns kemst aftur í kunnulegar skorður og það á ekki síst við um börnin sem bíða óþreyjufull eftir betri tíð með blóm í haga og frelsi frá samkomubanni.



ÞESSI FALLEGA MYND SÝNIR SVALBARÐSEYRI OG VAR TEKIN SÍÐASTA VETRARDAG. LJÓSMYND: ELÍN SVAVA INGVARSDÓTTIR



Áhrif Covid á Græneggjafjölskylduna

HEIÐA HAUKSDÓTTIR
Í VÆRÐARHVAMMI

Þegar starfað er í matvælavinnslu þá eru gerðar strangar kröfur til framleiðslunnar svo að mikið af þeim ferlum sem settir voru í gang varðandi mögulega sóttmengun voru þegar innleiddir hjá okkur. Við erum lítið fyrirtæki sem er svo heppið að hafa úrvals starfsfólk sem vandar vel til verka og gætir ýtrasta hreinlætis. Helsta breytingin var sú að það var auðvitað aukið enn frekar við handþvottinn og bætt við sprittbrúsum hér og þar og síðan reynt að sitja ekki hver ofan á öðrum í kaffistofunni.

Við hjá Grænumeggjum höfum þó ekki farið varhluta af Covid faraldrinum frekar en aðrir í sveitarfélaginu. En það snýr kannski meira að því hvernig við afhendum vöruna okkar, menn voru kannski frekar fljótir á sér að loka öllum bakdyrum fyrir byrgjum og solumönnum og voru ekki alveg búnir að hugsa það til enda hvernig ætti að afhenda vöruna. En pantanir á eggjum streymdu inn og ef eitthvað var þá nutum við góðs af því bökunaræði sem líklega heltók marga sem voru heima í sjálfskipaðri sóttkví. Reyndar var það þannig eins og víða að ef menn fengu smá kvef eða höfuðverk þá tóku menn sér tíma til að skoða það vel og jafnvel voru teknar prufur sem allar reyndust sem betur fer neikvæðar. Það er þó þessi spenna í loftinu sem hefur einkennt þennan tíma mest, mikið rætt um covid veiruna og við höfum fylgst vel með umræðunni.

Eftir að hafa unnið að því í meira en tvö ár þá var tekin ákvörðun um það að við myndum ala upp hænsna-ungana sjálf. Þ.e.a.s. verðandi varphænur sem alltaf hafa komið til okkar 17-18 vikna koma núna til okkar nokkurra klukkustunda gamlar. Það var því ákveðið stress sem fylgdi því að sækja blessaða ungana mitt í covid faraldrinum (og í ófærðinni) og koma þeim á legg í nýju unghúsi. Sem betur fer hefur gengið ágætlega með það verkefni. Lífið gengur þrátt fyrir allt sinn vanagang hjá okkur í Grænumeggjum og við tökumst á við þau verkefni sem upp koma hverju sinni með covid gleraugun eins lengi og þörf þykir á.

Þessi faraldur virðist hafa mismunandi áhrif á lífsmunstrið hjá okkur í fjölskyldunni, meðan ég og krakkarnir reynum að halda friðinn hér heima, sinna námsefninu og halda rúttínu þá söknum við vina og félaga. Það að geta ekki farið á æfingar í handbolta og fótbolta er að hafa mikil áhrif á unglíngana sem eru yfirspenntir af orku héra heima. Við erum miklar félagsverur og finnum fyrir því að þessi einangrun er farin að taka sinn toll. En Pétur sem er nú aftur á móti frekar mikill introvert hafði á orði við mig eitt kvöldið héra heima í Værðarhvammi eftir að vinnudegi lauk og hann var búinn að erindast mest allan daginn: „Heyrðu Heiða ég var að pæla, það hefur eiginlega bara ekkert breyst hjá mér, ég fer í vinnuna, búðina, tek kaffi hjá mömmu og pabba og kem síðan heim“.

Snerting samofin líknarhjúkrun

KRISTÍN S. BJARNADÓTTIR, HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Eftir að COVID-19 veiran varð til stöndum við berskjölduð og verðum að hafa vaðið fyrir neðan okkur í smitgátinni. Sumir óttaslegnir, aðrir kærulausir. Kæruleysi sumra hefur aukið á ótta annarra, enda eykur kæruleysi smithættu. Og veiran hættulegri sumum en öðrum.

Okkur heilbrigðisstarfsfólki var strax í upphafi nánast bannað að fara úr landi. Fljótlega var ekki talið óhætt að við færum í búð. Hraði breyttra viðmiða hefur verið í takt við hraða veirunnar um heiminn. Hugmynd minni um að splitta teyminu okkar og vinna að heiman var tekið fálega í fyrstu en átti örskömmu síðar alls staðar við. Fyrirvaralaust varð að kollsteypa verklagi, leita lausna allan sólarhringinn. Ótti við að smita veikt fólk eða fjölskylduna varð fylgifiskur. Einnig mögulegur skortur á hlífðarfátnaði. Að stunda líknar- og lífslokahjúkrun í heimahúsum varð flóknara. Óhugsandi í fyrstu að klæðast hlífðarfátnaði úti við bíl en varð svo raunin. Verst í stórhriðinni. Óþægilega ópersónulegt að hjúkra við lífslok í hlífðarfátnaði og með maska. Erfitt að mega ekki nálgast aðstandendur með snertingu við sjúkabeð og andlát. Samkennd, nánd og snerting er svo samofin líknarhjúkrun. Faðmlagið ómissandi og tómarúmið milli fólks áþreifanlegt þegar ekki má snerta. Minnti mig fyrst helst á upplifun af heimsókn í öryggisfangelsi í Bandaríkjunum. Við þessar gjörólíku aðstæður, sem eiga það sameiginlegt að halda þarf fjarlægð og ekki snerta, reynir sem aldrei fyrir á hughreystandi orð og gefandi augnsamband skilnings og samkenndar.

Aukið álag við hjúkrun er þó hjóm eitt hjá reynslu þeirra sem hjúkrunina þiggja. Sorgin nógu þung og flókin ein og sér, þó ekki komi til takmarkana á mögulegum stuðningi. Einungis 20 syrgjendur við jarðarför. Okkur hefði þótt það óhugsandi í upphafi ársins. Viðmið breytast og allt verður afstætt. Sé hugsað út fyrir landsteinana þá erum við þó lánsöm. Þar sem fátækt, þekkingarskortur og þéttbýli skapa kjöraðstæður fyrir vírusinn að valsa um eru afleiðingar hörnulegar. Ástandið þar á ekkert skylt við þær raskanir sem við búum við.

Ég held áfram að hjúkra og vona það besta fyrir heiminn allan. Vona að við lærum af þessu, á svo margan hátt. Og þó það sé neikvæð afleiðing faraldursins að hafa fengið háskólanemana okkar hingað heim í heimanám, þá gleðst ég í hjarta yfir að fá að njóta samverunnar með þeim og verða ríkari af.

Bjartsýni og birta til ykkar,

Kikka í Sigluvík



MYNDIN ER AF MORGUNKAFFI-BARNUM Á ÞEKKINGARSETRINU HYRNU.

Mörgum finnst óskaplega leiðinlegt að komast ekki á tónleika, í leikhús, bíó eða á barinn. Edda öfugsnúna á alltaf voðalega erfitt með að drífa sig út á meðal fólks og ég er að njóta miklu meiri menningar núna en venjulega. Bubbatónleikar í hádeginu á föstudögum, Heima með Helga, Aldrei fór ég suður, Páll Óskar í beinni, Hvanndalsbræður á Græna, ljóðalestur, leiksýningar og ótal margt fleira. Allt beint inn í stofu í Hyrnu og ég get bara dansað með barnabarnið á meðan ég horfi og hlusta!

Þrátt fyrir allt þetta þá er þessi Covid-19 tími samt andstyggilegur fyrir mig líka. Eins og allir aðrir hef ég áhyggjur af heilsu þeirra sem mér þykir vænt um og af efnahagsástandinu og atvinnu fólks. Mér finnst ömurlegt að geta ekki umgengist þá sem mig langar til og knúsað fólk þegar mig langar til. Ég hef samúð með unga fólkinu mínu sem getur ekki hitt vini eins og venjulega. Mér finnst óþægilegt að líkamsræktarstöðin mín er lokuð og sundlaugarnar líka. Mér finnst niðurdrepandi að fara í búð, þar sem allir verða að forðast hver annan og mér líður eins og ég sé endalaust fyrir.

Já, þetta er bara drullu erfitt tímabil fyrir okkur öll og við megum vera stolt af að komast í gegnum það. Fyrir flest okkar er þetta samt líka tækifæri til að átta okkur á hvað við eigum alla jafna yndislegt líf og til að hugsa út í hvað við þurfum að gera til að eiga það áfram.

Ég tek ofan fyrir öllum sem eru í erfiðari aðstæðum en öfugsnúinn lúxuspési á sunnanverðri Svalbarðsströnd.

Edda öfugsnúna

EDDA GUÐBJÖRG ARADÓTTIR

"Já, þetta eru skrítnir tímar", er fordæmalaust algeng setning þessarar vikunnar og ég hef verið að velja fyrir mér hvort þeir séu það fyrir mig líka. Eða er ég öðruvísi en allir hinir? Edda öfugsnúna?

Margir hafa neyðst til að taka hlé frá vinnu eða vinnuaðstæðurnar eru mjög breyttar, og fjöldi fólks þurfti allt í einu að læra að vinna fjarvinnu. Edda öfugsnúna er búin að vinna fullt starf í fjarvinnu á heimaskrifstofu undanfarin 12 ár og vinnan hefur ekkert breyst. Það er bara enn meira að gera en venjulega vegna þess að Raförnninn ehf., sem ég vinn hjá, er tæknifyrirtæki í heilbrigðisþjónustu.

Mörgum finnst allur þessi handþvottur og sprittun vera óttalegt vesen. Edda öfugsnúna er gamall, þvottaglaður spítalastarfsmaður og sprittbrúsi hefur verið staðalbúnaður á baðherberginu í Hyrnu síðustu 20 árin eða svo.

Margir eru meira einir og jafnvel einmana þessarar vikunnar. Edda öfugsnúna fékk eiginmanninn heim í fjarvinnu og dóttir og tengdasonur fluttu tímabundið til okkar með 4 mánaða drenginn sinn. Þannig að nú er í Hyrnu þekkingarsetur þar sem auk Rafarnarins vinna starfsmenn Ferðamálastofu og Alfreds sem er atvinnuleitarmiðill og ráðningarkerfi. Þekkingarsetrið býr líka svo vel að hafa starfsmann í fæðingarorlofi sem sér um mótuneyti og barnagæslu.

Eini fjölskyldumeðlimurinn sem ég þarf að sjá af hluta úr degi er sonurinn, bifvélavirki sem núna sóttþreinsar bæði bílana og sjálfan sig óspart því veirukvíkindið lifir víst óralengi á málm og síliku.

Dularfullur gestagangur

ANNA HEIÐUR ODDSDÓTTIR

kemur þetta mér við?

Halló, er þetta Jón?

Heyrst hefur að menn hafi hugsanlega orðið varir við sérkennilegar þústir á haffletinum í Eyjafirði. Fjölmargar þústir í hóp og svo eina gríðarstóra.

Sá er maðurinn.

Hvaða menn? Er þetta ekki æði langsótt? Ég hefði væntanlega tekið eftir einhverju.

Anna heiti ég og hringi frá Tímahylkinu. Í tíð Kórónunnar.

Kannski það en stundum sér maður ekki trén fyrir skóginum, eins og sagt er. Talið er að líklegasta skýringin sé sú að þarna séu á ferð hafmeyjur. Í stórum stíl. Heilu hjarðirnar. Torfur í tugatali. Firnarstórar vöður, svo langt sem augað eygir.

Einmitt það, já.

Nú býrð þú það ofarlega, Jón, að þú hefur gott útsýni út á Eyjafjörðinn. Á þessum covid-19 tímum.

Nei, hættu nú alveg.

Já, ég meina, ég sé alltaf vítt og breitt yfir fjörðinn. Það er ekkert nýtt.

Reyndar hef ég það sömuleiðis fyrir satt að stóra þústin sé sláandi lík Miðgarðsorminum. Það má nú heita augljóst að heimsfaraldurinn hefur töluverða hliðarverkun, sem enginn sá fyrir í upphafi. Getum við ekki verið sammála um það?.... Jón?

Og það hefur varla farið fram hjá þér að dýraríkið eins og það leggur sig fer nú offari vegna kórónuveirunnar. Dýrin sölsa undir sig heilu bæina vegna þess að enginn er þar á ferli.

Já, ég skal ekki segja. Allavega hef ég ekki orðið var við neitt.

Heilu bæina, segirðu? Ég veit ekki um það.

En á nóttunni, þegar þú átt erfitt með svefn?

Hefurðu ekki séð fréttirnar af kasmírgeitunum sem vaða yfir allt í velska bænum Llandudno? Eða skógarbirninum sem fór að gægjast á gluggana hjá fólki þar sem hann hafði ekki séð lifandi sálu úti við í tvær vikur?

Ég sef alltaf eins og steinn og hef ekki séð neinar þústir, hvorki að nóttu né degi. Ekki eina einustu hafmeyju og þaðan af síður Miðgarðsorminn. Ég ætti nú ekki annað eftir. Punktur og basta. Svo verð ég að játa að þetta er allt mjög fjarstæðukennt. Vægast sagt. Hvaðan færðu þessar upplýsingar?

Ja, jú jú, eitthvað rámar mig í það, en hvað

Ég heyrði þetta utan af mér, haft eftir manni sem aftur hafði heyrt það hjá konu sem hann var í tygjum við. Móðurbróðir hennar varð einmitt andvaka eftir að hafa verið að lesa sér til um faraldurinn á netinu. Hann var búinn að fá sér vel í tána.

Vel í tána, heyrði ég rétt? Þá frekar tvær tær en eina.

Já, en allt kom fyrir ekki. Hann gat samt ekki sofnað, þannig að hann ákvað að fara í göngutúr niður að sjó. Það var þá sem hann uppgötvaði þessa dularfullu gestakomu. Ég tel að ekki þurfi frekar vitnanna við og er ég þó ekki trúgjörn.

Þú segir það. Má ég spyrja gæskan, hefur þú lært fjölmiðlafræði?

Ekkert að ráði, en ég á mér þann draum að verða rannsóknarfréttamaður í framtíðinni.

Það var og. Þá segi ég bara, gangi þér vel.



MÓÐURBRÓÐIRINN FÉKK SKILJANLEGA ÁFALL ÞEGAR HANN SÁ INNRÁS HAFMEYJA Í EYJAFJÖRÐINN, DATT VIÐ ÞAÐ Í SJÓINN OG TÓKST ÞÁ AÐ NÁ ÞESSARI MYND, SEM SÝNIR SVO EKKI VERÐUR UM VILLST HVAÐ ÞARNA VAR Á FERÐINI.



ÞESSI MYND ER SKÝRT DÆMI UM SVOKALLAÐ LJÓSMYNDARAUNSAEI. HÚN SÝNIR MIÐGARÐSORMINN ÞAR SEM HANN SPÓKAR SIG Í EYJAFJÖRÐINUM OG ER MÁLUÐ EFTIR NÁKVÆMRI OG ÁREIÐANLEGRI LÝSINGU HINS HVEKKA MÓÐURBRÓÐUR. MYND: ALEX FORD OG H. T.

SVALBARÐSSTRÖND

“Ekkert er betra en hvatning góðs vinar”

Innlegg sendist á anna.heidur@svalbardsstrond.is